



Frá skrifstofu

Viðtalstími sveitarstjórnarmanna

Síðasti viðtalstími vetrarins með sveitarstjórnarmönnum verður miðvikudaginn 20. maí kl. 18:00. Til viðtals verða Valtýr Þór Hreiðarsson, Guðfinna Steingrímsdóttir og Ólafur R. Ólafsson.

Umhverfisdagur verður haldinn laugardaginn 30. maí n.k.

Íbúar Svalbarðsstrandarhrepps eru hvattir til að mæta við skrifstofu hreppsins kl. 10, bretta upp ermar og taka þátt í því að fegra umhverfið okkar. Hreinsað verður meðfram Þjóðvegi 1. Að því loknu verða grillaðar pylsur handa þeim sem taka þátt í hreinsuninni.

Matjurtagarðar

Sem fyrir leggur Svalbarðsstrandarhreppur til svæði undir matjurtagarða. Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að skrá sig sem fyrst á skrifstofu hreppsins í síma 464-5500 eða með tölvupósti á netfangið: postur@svalbardsstrond.is.

Vinnuskóli sumarið 2015

Nú styttest í það að sumarstarf Vinnuskólans hefjist. Áhugasamir unglingar eru vinsamlegast beðnir að skrá sig sem fyrst á skrifstofu hreppsins í síma 464-5500 eða með tölvupósti á netfangið: postur@svalbardsstrond.is.

Laust starf sumarið 2015

Laust er til umsóknar starf flokkstjóra í sumar hjá Vinnuskólanum. Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464-5500.

Skrifstofa Svalbarðsstrandarhrepps.

Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar

Síðasti kennsludagur skólaársins 2014-2015 hjá Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar er föstudagurinn 22. maí.



Innritun nýnema fyrir næsta skólaár er opin á heimasíðu skólans til 1. júní.

<http://www.svalbardsstrond.is/tonlistarskoli>

Hægra megin á síðunni er hnappurinn *Umsókn um nám*, þar sem hægt er að sækja um rafrænt. Einnig má senda tölvupóst á tonlist@svalbardsstrond.is með fyrirspurnir.

Sumarkveðjur úr Tónlistarskólanum

Fréttir frá Álfaborg

Nú fer vetrarstarfinu okkar sem að ljúka hér í Álfaborg og sól, sumar og útivera að ná yfirhöndinni.



Starfsfólk leikskólans fór skemmtilega og fróðlega náms- og kynnisferð til Brighton í lok apríl. Við vorum heilan dag í skógi sem heitir Wilderness Woods og fræddumst um útikennslu. Þjuggum til skýli, kveiktum bál, tándum brenninnetlur í súpu sem við elduðum, bökuðum brauð og grilluðum pylsur og sykurpúða. Við skoðuðum lífríki skógarins og gerðum listaverk úr efniviði allt um kring. Við lærðum um sjálfbærni og tjávinnslu sem þarna var, okkur var sýnt og við prófuðum að afbarka tré, kljúfa drumba og búa til þakskífur. Í lok dags var okkur boðið upp á mjög góðar veitingar, berjaköku, enskar skonsur með sultu og soðnum rjóma og að sjálfsögðu drukkum við te með þessu. ☺

Við heimsóttum líka skóla sem heitir Kimbalu og fengum að fylgjast með söng og leikjum fyrir lítil börn og foreldra þeirra. Konan sem stýrir þessum skóla heitir Lorrie og hún og maður hennar Steven buðu okkur heim til sín í dýrindis kvöldverð og áttum við mjög skemmtilegt kvöld með þeim. Þessi heiðurs hjón höfðu ferðast um Ísland og voru algjörlega heilluð af landinu. Þau sýndu okkur myndir sem þau höfðu tekið á Íslandi og þar á meðal saum við mynd af Valsárksóla og Álfaborg. Undarleg tilviljun ekki satt. ☺

Kristín Wallis sú sem skipulagði þessa ferð fyrir okkur og býr í Bretlandi er dugleg að taka á móti íslenskum kennurum, auk þess að bjóða upp á Numicon námskeið. Numicon eru kubbar sem mikið eru notaðir í stærðfræðikennslu með

börnum og fengum við smá innsýn í notkun þeirra. Auk þess skoðuðum við sædýrasafn, hallir, gömlu bryggjuna, lágum í sólbaði á ströndinni og fórum í Brighton Weel sem er stórt Parísarhjól með góðu útsýni yfir borgina. Að sjálfsgöðu var hopp og hí inn á milli skólaheimsókna og skoðuðum við margar búðir og matsölustaði. Mælum við eindregið með því að fólk heimsæki Brighton.

Bestu sólar og sumarkveðjur
Álfaborgarfólk

Frá Valsárskóla

Kæru íbúar



Nú fer starfinu í Valsárskóla að ljúka og á skólaslitunum föstudaginn 5. júní klukkan 16:00 verður skólanum slitið. Foreldrar og nemendur munu baka kökur og selja á skólaslitunum, kór Valsárskóla syngur, nemendur úr Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar flytja tónlist, nemendur lesa upp ljóð og fulltrúi útskriftarnemenda heldur ræðu. Þetta er uppskeruhátíð sem gaman væri að sem flestir íbúar gætu tekið þátt í með okkur.

Vordagar í Valsárskóla hefjast þriðjudaginn 26. maí. Þá býðst nemendum að fara í starfskynningar, vinna að vegglistaverki á austurhlið hreppskrifstofunnar, vinna í leir, smíða hæsnakofa, setja niður kartöflur og gulrætur, fara á Fuglasafnið, ganga um Þengilshöfða, læra útileiki, byggja úr rekaviði á útiskólasvæði, fara í fjöruferð, sigla til Hríseyjar, fara í sund, hjólatúr og hestaferð.

Þriðjudaginn 2. júní fara allir nemendur saman í ratleik í Kjarnaskógi og miðvikudaginn 3. júní er árleg vorhátíð foreldrafélagsins. Fimmtudaginn 4. júní koma nemendur og foreldrar þeirra í viðtal til umsjónakennara þar sem farið er yfir starf vetrarins og föstudaginn 5. júní eru skólaslit eins og fyrr segir.

Ég vil í lok skólaárs þakka öllum íbúum sveitarfélagsins innilega fyrir samstarfið og samstöðuna um skólann í vetur. Ég vil þakka fyrir margháttða uppbyggilega gagnrýni sem einstaklingar hafa komið með til okkar og hjálpað okkur þannig að gera skólann okkar ennþá betri.

Með vinsemd, virðingu og sumarkveðju
Inga Sigrún Atladóttir, skólastjóri Valsárskóla

Bókasafn

Bókasafnið er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Næstu rusladagar

21. maí - Almenn torg

4. júní - Almenn torg

11. júní - Endurvinnsla

Litið um öxl

Þessi frétt birtist í Degi þann 1. október 1991:

Ær og tvö lömb frá Svalbarðsströnd í sérkennilegu ferðalagi:

Urðu á vegi gangnamanna sunnan við Hofsjökul

“Ég held að ég hafi aldrei orðið eins hissa á ævinni,” sagði Halldór H. Sigfússon, bóndi á Geldingsá á Svalbarðsströnd, en sl. föstudagskvöld var honum tilkynnt að gangnamenn á Holtamannafrétti hefðu fundið á og tvö lömb frá Geldingsá sunnan við Hofsjökul.

Halldór sagði að hann hefði sleppt öllu sínu fé á Vaðlaheiði sl. vor og það hefði því komið honum gjörsamlega í opna skjöldu að fá þessa upphringingu. “Ég hef trú á því að ærin hafi farið inn Bleiksmýrardal inn af Fnjóskadal, þaðan inn á Sprengisand og síðan áfram suður yfir,” sagði Halldór

Ekki er leyfilegt að flytja sauðfé milli landssvæða og því liggur ekkert annað fyrir á milli frá Geldingsá og lömbunum tveimur en að enda líf sitt í sláturhúsinu á Selfossi.

Halldór sagði að þessi tiltekna ær hafi aldrei tekið upp á slíku áður. Hún væri heimaalín og því væri erfitt að skýra út þessa langferð ærinnar og tvílembinganna hennar.

Dagur, 185. töl. (01.10.1991), bls. 1

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2696487

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 16. júní